

AUGLÝSING

um íslenska þýðingu sáttmálans um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð.

Sáttmáli um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð sem samþykktur var hjá Sameinuðu þjóðunum 9. desember 1948, var fullgiltur 29. ágúst 1949, sbr. auglýsingu nr. 95/1949 og öðlaðist gildi 12. janúar 1951, sbr. auglýsingu nr. 123/1950.

Íslensk þýðing samningsins er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 9. apríl 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.**SÁTTMÁLI
um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð.**

Samningsaðilarnir,

sem hafa í huga yfirlýsingu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í ályktun þess nr. 96 (I) frá 11. desember 1944 um að hópmorð sé glæpur að þjóðarétti, stríði gegn anda og markmiðum Sameinuðu þjóðanna og sé fordæmt af hinum siðmenntaða heimi,

sem viðurkenna að á öllum tímabilum sögunnar hefur hópmorð valdið mannkyninu miklu tjóni og eru sannfærðir um að til þess að frelsa mannkynið undan svo viðurstyggilegum vágesti sé þörf á alþjóðlegu samstarfi,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. gr.

Samningsaðilarnir staðfesta að hópmorð, hvort sem það er framið á friðartímum eða á stríðstímum, er glæpur að þjóðarétti sem þeir skuldbinda sig til að koma í veg fyrir og refsa fyrir.

II. gr.

Í sáttmála þessum teljast eftirfarandi verknaðir hópmorð þegar þeir eru framdir í þeim tilgangi að útrýma með öllu eða að hluta þjóð, þjóðernishópi, kynstofni eða trúflokki sem slíkur:

- a. að drepa einstaklinga úr viðkomandi hópi,
- b. að valda einstaklingum úr viðkomandi hópi alvarlegum líkamlegum eða andlegum skaða,
- c. að þröngva viðkomandi hópi af ásetningi til þess að búa við lífsskilyrði sem miða að líkamlegri eyðingu hópsins eða hluta hans,
- d. að beita þvingunaraðgerðum sem miða að því að koma í veg fyrir barnsfæðingar í hópnum,
- e. að flytja börn með valdi úr hópnum til annars hóps.

III. gr.

Eftirfarandi verknaðir varða refsingu:

- a. hópmorð,
- b. samsæri um að fremja hópmorð,
- c. bein og opinber hvatning til að fremja hópmorð,
- d. tilraun til að fremja hópmorð,
- e. hlutdeild í hópmorði.

IV. gr.

Einstaklingar sem fremja hópmorð eða einhvern þann verknað annan sem tilgreindur er í III. gr. skulu sæta refsingu, hvort sem þeir eru stjórnskipulega ábyrgir valdhafar, opinberir embættismenn eða óbreyttir borgarar.

V. gr.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að setja, í samræmi við stjórnarskrá hvers þeirra um sig, nauðsynlega löggjöf til að koma ákvæðum sáttmála þessa til framkvæmda og einkum að kveða á um skilvirk viðurlög gagnvart einstaklingum sem eru sekir um hópmorð eða einhvern þann verknað annan sem tilgreindur er í III. gr.

VI. gr.

Rétta skal í málum einstaklinga, sem ákærðir eru fyrir hópmorð eða einhvern þann verknað annan sem tilgreindur er í III. gr., fyrir þar til bærum dómstóli ríkisins þar sem verknaðurinn var framinn eða

fyrir alþjóðlegum sakamáladómstóli sem kann að hafa lögsögu með tilliti til þeirra sammingsaðila sem samþykkt hafa lögsögu hans.

VII. gr.

Hópmorð og aðrir verknaðir sem tilgreindir eru í III. gr. skulu ekki teljast pólitískir glæpir með tilliti til framsals.

Sammingsaðilarnir skuldbinda sig í slíkum tilvikum til að heimila framsal í samræmi við gildandi lög sín og sáttmála.

VIII. gr.

Sérhver sammingsaðili getur leitað til þar til bærra stofnana Sameinuðu þjóðanna og óskað eftir að þær grípi til þeirra aðgerða samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna sem þær telja viðeigandi til að koma í veg fyrir og stöðva hópmorð eða hvern þann verknað annan sem tilgreindur er í III. gr.

IX. gr.

Leggja skal ágreining milli sammingsaðila um túlkun, beitingu eða framkvæmd sáttmála þessa, þar á meðal ágreining um ábyrgð ríkis vegna hópmorðs eða hvers þess verknaðar annars sem tilgreindur er í III. gr., fyrir Alþjóðadómstólinn að beiðni eins aðila að ágreiningnum.

X. gr.

Sáttmáli þessi, en textar hans á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal bera dagsetninguna 9. desember 1948.

XI. gr.

Sáttmáli þessi skal liggja frammi til 31. desember 1949 til undirritunar fyrir hönd hvaða aðildarríkis Sameinuðu þjóðanna sem er og ríkis sem ekki er aðildarríki og allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur boðið að undirrita.

Fullgilda skal sáttmála þennan og afhenda fullgildingarskjölin aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Hvaða aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sem er og ríki sem ekki er aðildarríki en hefur fengið boð þar um eins og að framan greinir er heimilt að gerast aðili að sáttmála þessum eftir 1. janúar 1950.

Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

XII. gr.

Sérhver sammingsaðili getur hvenær sem er, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, rýmkað gildissvið sáttmála þessa þannig að hann taki til allra eða einhverra þeirra landsvæða sem hann annast erlend samskipti fyrir.

XIII. gr.

Þann dag sem fyrstu tuttugu skjölin um fullgildinguna eða aðild hafa verið afhent til vörslu skal aðalframkvæmdastjórinn taka saman formlegt skjal (procès-verbal) og senda afrit af því til sérhvers aðildarríkis Sameinuðu þjóðanna og hvers þeirra ríkja sem ekki eru aðildarríki og fjallað er um í XI. gr.

Sáttmáli þessi skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir að tuttugasta skjalið um fullgildinguna eða aðild hefur verið afhent til vörslu.

Sérhver fullgilding eða aðild sem fram fer eftir þann dag skal taka gildi á nítugasta degi eftir að skjalið um fullgildinguna eða aðild hefur verið afhent til vörslu.

XIV. gr.

Sáttmáli þessi gildir í tíu ár frá þeim degi er hann öðlast gildi.

Eftir það skal hann gilda til fimm ára í senn fyrir þá sammingsaðila sem hafa ekki sagt honum upp a.m.k. sex mánuðum fyrir lok yfirstandandi tímabils.

Uppsögn skal fara fram með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

XV. gr.

Ef fjöldi aðila að sáttmála þessum fer undir sextán í kjölfar uppsagna fellur sáttmálinn úr gildi frá og með þeim degi þegar síðasta uppsögnin tekur gildi.

XVI. gr.

Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er sent aðalframkvæmdastjóranum skriflega tilkynningu með beiðni um endurskoðun sáttmála þessa.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna skal taka ákvarðanir um hvaða ráðstafanir skuli gerðar, ef einhverjar, vegna slíkrar beiðni.

XVII. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og öðrum ríkjum, sem ekki eru aðildarríki og fjallað er um í XI. gr., um eftirfarandi:

- a. undirskriftir, fullgildingu og aðild sem berast í samræmi við XI. gr.,
- b. tilkynningar sem berast í samræmi við XII. gr.,
- c. gildistökudag sáttmála þessa í samræmi við XIII. gr.,
- d. uppsagnir sem berast í samræmi við XIV. gr.,
- e. ógildingu sáttmálans í samræmi við XV. gr.,
- f. tilkynningar sem berast í samræmi við XVI. gr.

XVIII. gr.

Frumrit sáttmála þessa skal afhent skjalasafni Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Senda skal öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og öllum ríkjum, sem ekki eru aðildarríki og fjallað er um í XI. gr., staðfest afrit af sáttmálanum.

XIX. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal skrá sáttmála þennan á gildistökudegi hans.

Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide

The Contracting Parties,

Having considered the declaration made by the General Assembly of the United Nations in its resolution 96 (I) dated 11 December 1946 that genocide is a crime under international law, contrary to the spirit and aims of the United Nations and condemned by the civilized world,

Recognizing that at all periods of history genocide has inflicted great losses on humanity, and

Being convinced that, in order to liberate mankind from such an odious scourge, international co-operation is required,

Hereby agree as hereinafter provided:

Article I

The Contracting Parties confirm that genocide, whether committed in time of peace or in time of war, is a crime under international law which they undertake to prevent and to punish.

Article II

In the present Convention, genocide means any of the following acts committed with intent to destroy, in whole or in part, a national, ethnical, racial or religious group, as such:

- (a) Killing members of the group;
- (b) Causing serious bodily or mental harm to members of the group;
- (c) Deliberately inflicting on the group conditions of life calculated to bring about its physical destruction in whole or in part;
- (d) Imposing measures intended to prevent births within the group;
- (e) Forcibly transferring children of the group to another group.

Article III

The following acts shall be punishable:

- (a) Genocide;
- (b) Conspiracy to commit genocide;
- (c) Direct and public incitement to commit genocide;
- (d) Attempt to commit genocide;
- (e) Complicity in genocide.

Article IV

Persons committing genocide or any of the other acts enumerated in article III shall be punished, whether they are constitutionally responsible rulers, public officials or private individuals.

Article V

The Contracting Parties undertake to enact, in accordance with their respective Constitutions, the necessary legislation to give effect to the provisions of the present Convention, and, in particular, to provide effective penalties for persons guilty of genocide or any of the other acts enumerated in article III.

Article VI

Persons charged with genocide or any of the other acts enumerated in article III shall be tried by a competent tribunal of the State in the territory of which the act was committed, or by such international penal tribunal as may have jurisdiction with respect to those Contracting Parties which shall have accepted its jurisdiction.

Article VII

Genocide and the other acts enumerated in article III shall not be considered as political crimes for the purpose of extradition.

The Contracting Parties pledge themselves in such cases to grant extradition in accordance with their laws and treaties in force.

Article VIII

Any Contracting Party may call upon the competent organs of the United Nations to take such action under the Charter of the United Nations as they consider appropriate for the prevention and suppression of acts of genocide or any of the other acts enumerated in article III.

Article IX

Disputes between the Contracting Parties relating to the interpretation, application or fulfilment of the present Convention, including those relating to the responsibility of a State for genocide or for any of the other acts enumerated in article III, shall be submitted to the International Court of Justice at the request of any of the parties to the dispute.

Article X

The present Convention, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall bear the date of 9 December 1948.

Article XI

The present Convention shall be open until 31 December 1949 for signature on behalf of any Member of the United Nations and of any non-member State to which an invitation to sign has been addressed by the General Assembly.

The present Convention shall be ratified, and the instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

After 1 January 1950, the present Convention may be acceded to on behalf of any Member of the United Nations and of any non-member State which has received an invitation as aforesaid.

Instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article XII

Any Contracting Party may at any time, by notification addressed to the Secretary-General of the United Nations, extend the application of the present Convention to all or any of the territories for the conduct of whose foreign relations that Contracting Party is responsible.

Article XIII

On the day when the first twenty instruments of ratification or accession have been deposited, the Secretary-General shall draw up a procès-verbal and transmit a copy thereof to each Member of the United Nations and to each of the non-member States contemplated in article XI.

The present Convention shall come into force on the ninetieth day following the date of deposit of the twentieth instrument of ratification or accession.

Any ratification or accession effected subsequent to the latter date shall become effective on the ninetieth day following the deposit of the instrument of ratification or accession.

Article XIV

The present Convention shall remain in effect for a period of ten years as from the date of its coming into force.

It shall thereafter remain in force for successive periods of five years for such Contracting Parties as have not denounced it at least six months before the expiration of the current period.

Denunciation shall be effected by a written notification addressed to the Secretary-General of the United Nations.

Article XV

If, as a result of denunciations, the number of Parties to the present Convention should become less than sixteen, the Convention shall cease to be in force as from the date on which the last of these denunciations shall become effective.

Article XVI

A request for the revision of the present Convention may be made at any time by any Contracting Party by means of a notification in writing addressed to the Secretary-General.

The General Assembly shall decide upon the steps, if any, to be taken in respect of such request.

Article XVII

The Secretary-General of the United Nations shall notify all Members of the United Nations and the non-member States contemplated in article XI of the following:

- (a) Signatures, ratifications and accessions received in accordance with article XI;
- (b) Notifications received in accordance with article XII;
- (c) The date upon which the present Convention comes into force in accordance with article XIII;
- (d) Denunciations received in accordance with article XIV;
- (e) The abrogation of the Convention in accordance with article XV;
- (f) Notifications received in accordance with article XVI.

Article XVIII

The original of the present Convention shall be deposited in the archives of the United Nations.

A certified copy of the Convention shall be transmitted to each Member of the United Nations and to each of the non-member States contemplated in article XI.

Article XIX

The present Convention shall be registered by the Secretary-General of the United Nations on the date of its coming into force.